

Svanborg Rannveig Jónsdóttir

Doktorsvörn á Menntavísindasviði

21. desember 2011 í hátíðarsal Háskóla Íslands varði Svanborg Rannveig Jónsdóttir doktorsritgerð sína

*The location of innovation education in Icelandic compulsory schools/Nýsköpunarmennt í íslenskum grunnskólum.*

Andmælendur voru Dr. Pat Thomson prófessor við Nottingham University og Dr. Ross Deuchar prófessor við University of the West of Scotland.

Í doktorsnefnd Svanborgar voru: aðalleiðbeinandi Allyson Macdonald prófessor á Menntavísindasviði HÍ, meðleiðbeinandi Anna Craft prófessor University of Exeter UK, sérfræðingur Örn Daníel Jónsson prófessor á Félagsvísindasviði HÍ.

Dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor og forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, stýrði athöfninni

Í rannsókninni er dregin upp mynd af nýsköpunarmennt í grunnskólum og þar kemur fram reynsla nemenda, viðhorf kennara og einkenni kennslustunda og skóla.

Nemendur fengu margvísleg tækifæri til sköpunar og nýsköpunarvinnu. Nokkur munur var á hversu auðveldlega kennarar fundu jafnvægi milli frelsis og skipulags sem kom fram í mismunandi stífri eða lausri umgerð í nýsköpunartímum. Mismunur í skipulagi og viðhorfum til NFM í skólunum fólu í sér misgóðan jarðveg fyrir slíkt nám.

Nýsköpunarmennt gerir kröfur um samþættingu og greindar voru fernskonar tegundir í NFM. Greindar voru fjórar til sex mismunandi námsaðstæður sem mótuðust af viðhorfum til NFM og skipulagi skóla, til dæmis í sveigjanleika í stundatöflu og vilja til að laga skipulag að þörfum og einkennum NFM.

Kennarar og skólar eru mislangt komin í að innleiða NFM. Nærsamfélag og samfélagið á landsvísu styðja ekki sérstaklega vel við þróun NFM. Mikilvægt er að allir þættir utan og innan skóla fylgist að og séu samverkandi.

Persónuleg og fagleg þróun kennara er að hluta til háð skipulagi og stuðningi innan skóla. Kennarar þurfa að valda blandaðri umgerð í NFM til að forðast óreiðuangist og ná fram eftirsóttum áhrifum námssviðsins. NFM kennarar þurfa að vera færir um að yfirstíga mörk námsgreina, skóla og samfélags. Þeir þurfa einnig að geta endurskoðað hlutverk kennara og nemenda og tryggt samvinnu kennara. Afstaða kennara til samþættingar hefur áhrif á hvernig tækifæri nemendur fá til að vinna með NFM.

NFM þarfnast samstarfs kennarahóps innan skóla og uppbyggilegs samspils nærkerfis (microsystem), grenndarkerfis (mesosystem) og ytra kerfis (exosystem). Ytra kerfi, viðhorf í samfélagi þ.m.t. skilningur foreldra eru minnst þróuð og þarfnast eflingar til að styðja betur við NFM innan skóla og í lýðkerfinu (á landsvísu, macrosystem). Bæði lýðkerfi og kerfin innan skóla geta haft áhrif á ytra kerfið til að ýta undir þróun NFM.